

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

*Breyting á deiliskipulagi Tjarnarhverfis.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. febrúar 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Tjarnarhverfi.

Deiliskipulagið felst meðal annars í breytingu á reit Búmanna auk fleiri breytinga.

*Deiliskipulag nemendaíbúða við íþróttakademíu að Krossmóa.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. febrúar 2005 samþykkt deiliskipulag fyrir nemendaíbúðir við íþróttakademíu að Krossmóa.

Deiliskipulagið felur í sér staðsetningu nemendaíbúða við Krossmóa.

Greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsauglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 26. apríl 2005.*

Framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs,

**Viðar Már Aðalsteinsson.**

## SAMÞYKKT

### fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Bláskógabyggð.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði

##### 1. gr.

Samþykkt þessi nær til allra fasteigna íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana og atvinnustarfsemi. Samþykktin nær til rotþróa, fráveitukerfa, set- og sandskilja, fellitanka og olíu- og fitugildra.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka og færir staðsetningu þeirra eða endurgerð þeirra á nýjar deiliskipulagsáætlanir. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt skal losunar- og hreinsitækni vera í samræmi við reglur heilbrigðisnefndar.

##### 2. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana í Bláskógabyggð er skylt að leiða fráveitu frá salernum, eldhúsum og þvottahúsum í rotþró af viðurkenndri stærð og gerð og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og fyrir mælum heilbrigðisnefndar eða annan sambærilegan búnað. Samþykki heilbrigðisnefndar þarf fyrir nýjar og endurbættar fráveitur.